

Mál nr. 232/2018**M og
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins X****Orsakatengsl líkamstjóns og umferðaróhapps 11.9.2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 31.7.2018, ásamt fylgiskjölum og tölvupósti lögmanns M dags. 16.8.2018.

Bréf V, dags. 14.8.2018 ásamt bréfi V dags. 23.2.2018 og hraðaútreikningi (PCcrash).

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að með tjonstilkynningu dags. 2.11.2016 tilkynnti lögmaður M til V um að M hefði hlotið líkamstjón í umferðaróhappi 11.9.2016 á Reykjanesbraut. Í málskoti er vísað til læknisvottorðs, læknis sem skoðaði M 11. október 2016, þar sem koma fram lýsingar á einkennum sem M telur sig hafa eftir umferðaróhappið. Einnig vísar M til vottorðs sjúkraþjálfara dags. 27.12.2017 þar sem komi fram að M hafi haft nokkur einkenni bæði fyrir og eftir sjúkraþjálfunarmeðferð. Einnig vísar M til þess að hún hafi ekki haft sambærileg einkenni fyrir umrætt atvik og telur því að orsakatengsl séu fyrir hendi. M telur greiðsluskyldu V fyrir hendi og vísar til skýrslu um hraðaútreikning á bug þar sem m.a. sé um að ræða einhliða gagnaöflun af hálfu V og vísar til dóma og úrskurða því til stuðnings að ekki sé hægt að leggja slíkt gagn til grundvallar. Einnig telur M að læknisvottorð og vottorð sjúkraþjálfara sanni tjon hennar sem sérstaklega með vísan til þess að hún hafi verið bæði andlega og líkamslega hraust fyrir atvikið. Í tölvupósti lögmanns M dags. 16.8.2018 er síðan vísað til þess að M hafi þegar árekstur átti sér stað verið „að beygja sig fram og líta til hliðar á sama tíma, sem leiddi til að hún var viðkvæmari fyrir höggi en hún hefði venjulega orðið“.

V telur að ekki séu sönnuð orsakatengsl milli áreksturs og einkenna M og vísar þar fyrst til þess að hraðaútreikningar og ákomur á ökutækjum bendi eindregið til þess að högg af árekstrinum hafi verið afar vægt. Einnig vísar V til þess að vottorð þau sem liggja fyrir í málinu sýni fyrst og fremst að M hafi ekki leitað til læknis fyrr en mánuði eftir áreksturinn, lýsingar M séu af almennum einkennum, og ályktanir sjúkraþjálfara í vottorði um að högg í árekstrinum hafi verið þungt sé ekki hægt að finna stoð í öðrum gögnum málsins. V telur því að það skorti sönnun fyrir því að einkenni þau sem M lýsir séu vegna umrædds áreksturs.

Álit.

Í gögnum málsins eru myndir af ökutækjum þeim sem lentu saman 11.9.2018 og verður ekki af þeim myndum ráðið að áreksturinn hafi leitt af sér þungt högg. Ekki liggja heldur fyrir lýsingar ökumanna eða annarra sem styðja það að höggið hafi verið þungt eða að líkamsbeiting M hafi verið þannig að áreksturinn að það hafi þýðingu, enda kemur sú lýsing M heldur ekki fram nema í viðbótarupplýsingum frá lögmanni hennar eftir viðbrögð V við málskoti. Lýsingar á einkennum M í læknisvottorði og vottorði sjúkraþjálfara bera með sér að þau séu að einhverju leyti almenns eðlis og ekki er hægt að fullyrða, án þess að sérstakt mat fari fram á því, hvort meiri eða minni líkur séu á að þau einkenni tengist árekstrinum. Slíkt heildarmat liggur ekki fyrir. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og váttryggingarétti gera ráð fyrir því að að tjonþoli verði að sýna fram á tjon sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem að ofan er lýst og á því ekki rétt á bótum m.v. fyrirleggjandi gögn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 11. september 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Jón Magnússon lögfr.